



From vision to action “Góðir hlutir gerast”

Mars 2010 6. tlb

Kæru formenn

Nú líður að lokum ykkar starfstímabils sem formenn deilda og aðalfundir á næstunni. Bendi ég ykkur á kafla 4.1 í handbókinni. Þaðan er vísað í lögin sem nú má nálgast á vefnum.

Þetta er aðalfundur og atriði að hann sé formlegur, skipaður sé sérstakur fundarstjóri, skýrsla stjórnar sé lesin upp, gerð grein fyrir reikningum og kosning stjórnar fari fram. Munið eftir endurskoðendum.

Upplýsingar

Kynning á alþjóðanefndum. Sigrún Klara mun kynna starfsemi alþjóðasamtakanna á stuttum fundi í Þjóðarbókhöðunni þriðjudaginn 16. mars kl. 17. Allar sem hafa áhuga á að taka þátt í nefndarstörfum núna eða í framtíðinni er bent á að nota þetta tækifæri og kynnast þessum málaflokki.

Leiðtoganámskeið – Key issues of leadership verður haldið í Þjóðarbókhöðunni daginn fyrir vorþingið föstudaginn 16. apríl, kl. 13-17. Dr. Helen Popovich sem er gestur vorþingsins heldur það námskeið. Þetta námskeið verður opið en DKG konur sitja fyrir. Þátttökugjald fyrir DKG konur er einungis vegna útlagsðs kostnaðar, kr. 1500. Þátttökugjald fyrir aðra er 6000 kr.

Vorþingið verður haldið í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ, laugardaginn 17. apríl, kl. 10. Það verður kaffi á könnunni og kleinur frá 9:30 og vonandi verður góð mæting úr ykkar deildum. Yfirskrift þingsins er Góðir hlutir gerast og verður dagskráin auglýst um helgina. Við munum einnig hefja skráningu þá af vefsíðu DKG.

Vonandi sjá allir formenn sér fært að mæta báðum daganna. Við munum halda boð fyrir ykkur eftir leiðtoganámskeiðið í Þjóðarbókhöðunni föstudaginn 16. apríl, kl. 17. Þangað þjóðum við einnig fyrrverandi forsetum og þeim systur sem starfa í nefndum landssambandsins.

Alþjóðþingið verður í Spokane í Wasington fylki í júlí og bið ég ykkur um að láta konur sem hafa áhuga á að fara hafa samband við mig, ij@host.is.

Gönguhópur DKG

Munið gönguhópin sem hittist við Perluna fyrsta þriðjudag í mánuði kl 17:30. Nú er farið að birta og vonandi bætist þá í hópin. Munið að það er líka hægt að rölta saman. Það þurfa ekki allir að spretta úr spori. Næsta skipti er 6. apríl.

Til framkvæmda

* Vinsamlega sendið mér fjölda félagskvenna í ykkar deild.

Mars 2010						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

Apríl 2010						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

Á döfinni:

Gönguhópurinn

2. mars, kl. 17:30

6. apríl, kl. 17.30

gengið er frá Perlunni

Kynning á alþjóðanefndum DKG

16. mars, kl. 17-18:30 í Þjóðarbókhöðunni

Leiðtoganámskeið 16. apríl kl. 13-18

Vorþingið 17. mars kl. 9:45-16

Með systrakveðju,

Ingibjörg Jónasdóttir
landssambandsforseti DKG

